

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Breyting á deiliskipulagi, Tungufell, íbúðar- og útihús.

Breytingin felur í sér að deiliskipulagssvæðið er stækkað í 3,95 ha og nær því til allra bygginga á jörðinni. Heimilt er að stækka núverandi íbúðarhús á reit a í 350 m² og að heildarbyggingarmagn á reit b megi vera allt að 2.500 m².

Samþykkt í sveitarstjórn 14. janúar 2016.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 18. október 2016.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 1. nóvember 2016